

218

14. des.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Suður-Múlasýslu og Neskaupstað um refaveiðar, notkun afrétta, fjallskil o. fl., nr. 81 16. apríl 1936.

Í stað orðanna „hinn 23. september“ í 19. grein reglugerðarinnar komi: 21. september. Á eftir orðunum „viku millibil“ í sömu grein komi: Þó skal hreppsnefnd Eiðahrepps heimilt að fyrirskipa löggöngur á sömu göngudögum sem hreppar Norður-Múlasýslu austan Lagarfljóts fyrirskipa.

Reglugerð þessi, sem samin hefir verið og samþykkt af sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Neskaupstaðar samkvæmt 41. grein sveitarstjórnarlaganna nr. 12 1927 og lögum nr. 108 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. janúar 1940 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. desember 1939.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

219

21. des.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 133 28. des. 1936, um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

16. gr. B 5 orðist svo:

**Fyrning.**

Ef kostnaðarverð hlutar er nefnt a, verð hlutarins, eða eftir atvikum áætlað verð hans, þegar hann verður lagður niður c, og tala þeirra ára, sem hluturinn endist eða ætla má að hann muni endast b, skal árleg fyrning teljast  $\frac{a-c}{b}$

Ef hlutur verður ónýtur áður en afskrift hans er lokið, skal færa eftirstöðvar af afskrift hans til gjalda það ár, sem hluturinn verður ónýtur.

Ef hlutur er seldur hærra verði en hann er fyrndur niður í, skal mismunurinn á söluverði hans og eftirstöðvum af afskrift hans teljast skattskyldar tekjur. Þetta á þó ekki við um venjulega fyrningu á fasteignum.

Ef eignarréttur til einhvers hlutar er takmarkaður við vissan árafjölda, þannig að aðili verður að láta eignina af hendi eða eyðileggja hana innan ákveðins tíma, endurgjaldslaust eða án þess að fullar bætur komi fyrir, má miða fyrningu hlutarins við þann tíma, sem eignin á eftir að vera í eigu gjaldanda.

Afskrift skal því aðeins telja til frádráttar tekjum, að fært sé svo fullnægjandi bókhald, að séð verði, hvernig hún er reiknuð og bókfærð, þannig að á hverjum tíma sé auðvelt að sannprófa hana.

Fyrningu skal reikna af kaupverði eða kostnaðarverði. Þó skal reikna fyrningu húsa, annara en verksmiðjuhúsa og gróðurhúsa, af brunabótamati þeirra. Þegar gömul tæki eru keypt skal sérfróður maður meta endingarmöguleika þeirra og skal afskriftn miðuð við það mat. Þegar svo stendur á, má ákveða fyrningarhundraðstölu aðra en þá, sem ákveðin er fyrir sömu tæki ný.

Skip, sem eingöngu eru notuð til síldveiða, og önnur skip, sem eru í notkun aðeins 2—3 mánuði á ári hverju, skulu afskrifast með 90% af venjulegri ársfyrningu.